

Samningur um samskipta- og styrkjamál Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Skáttasambands Reykjavíkur kt. 580269-7029

Reykjavíkurborg og Skáttasambands Reykjavíkur (hér eftir SSR) f.h. Skáttafélaganna í Reykjavík gera með sér svofelldan samning um styrkveitingar, rekstur og önnur sameiginleg hagsmunamál.

1. Markmið og hlutverk

Samningur þessi er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og SSR á liðnum árum.

Með samningi þessum heita skáttafélögin innan SSR að kappkosta að gera ungmennum kleift að taka þátt í skáttastarfi m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að skáttafélögunum og því starfi sem þar fer fram.

2. Styrkveiting

Gert er ráð fyrir að styrkveitingar Reykjavíkurborgar nemi kr. 29.301.000,- á árinu 2022 vegna reksturs skrifstofu SSR, reksturs skáttahéimila, æskulýðsfulltrúa og sumarstarfs.

Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

ÍTR mun halda eftir greiðslu vegna fasteignagjalda af æskulýðsmannvirkjum SSR sem áætlaðir eru kr. 8.273.000,- árið 2022.

Eftirstöðvar greiðslu, alls kr. 21.027.000,- greiðast með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Viðbótarframlag að fjárhæð kr. 6.000.000,- vegna hverfatengdra verkefna.

Greiðsla árið 2022 tekur mið af fjárhagsáætlun og verðlagsáætlun Reykjavíkur en á árinu 2023 verður styrkupphæðin verðbætt frá og með 1. janúar 2022.

3. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að SSR skili ÍTR ársreikningi og starfsskýrslu. Við undirritun samnings skal SSR leggja fram áætlun til tveggja ára um helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu. SSR skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

SSR skal hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Styrkþegi skal veita upplýsingar um kyngreind gögn vegna hins styrkveitta verkefnis, ef þess er óskað.

SSR skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. SSR skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að sambandið njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

4. Samskipti

ÍTR og SSR annast framgang samnings þessa. Sviðstjóri og framkvæmdastjóri ásamt skrifstofum samningsaðila annast dagleg samskipti.

5. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu SSR.

Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu borgarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2022 og gildir til 31. desember 2023. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík, ____ nóvember 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Skátasambands Reykjavíkur

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.